

78. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar mánudaginn 26. október 2009, kl. 16:30.

Formaður bæjarráðs, Kári Kárason setti fundinn. Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Fundargerðir:

- a) Stjórnar SSNV frá 13. október 2009
 - b) Bs. um Félags- og skólaþjónustu frá 20. október 2009
 - c) Bs. um menningu og atvinnumál frá 12. október 2009
 - d) Stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga frá 24. september 2009
 - e) Menningarráðs NV frá 7. október 2009
 - f) Stjórnar Byggðasafnsins á Reykjatanga frá 7. október 2009
 - g) Stjórnar Norðurár bs. frá 6. september 2009
 - h) Skólanefndar Fjölbrautarskólans NV frá 13. október 2009
2. Akstursþjónusta fatlaðra
 3. Hluthafafundur Ámundakinnar ehf.
 4. Erindi frá Snorraverkefninu dags. 16. október sl.
 5. Erindi frá Markaðsskrifstofu ferðamála á Norðurlandi frá 8. október 2009
 6. Samstarf í fræðslumálum – áfangaskýrsla
 7. Bréf frá Eignarhaldsfélagi Brunabótafélags Íslands frá 12. október 2009
 8. Erindi frá Héraðsbókasafni A-Hún frá 10. september 2009
 9. Aðalfundur stjórnar Smábátafélagsins Skalla
 10. Erindi frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga frá 28. september 2009
 11. Styrkumsókn frá Nesi listamiðstöð frá 30. september 2009
 12. Aukaaðalfundur í Vilgó ehf.
 13. Tilnefning í starfshóp um samstarf í félags- og skólaþjónustu á NV
 14. Atvinnumál
 15. Önnur mál
-

Afgreiðslur:

1. Fundargerðir:

- a) Stjórnar SSNV frá 13. október 2009
Lögð fram til kynningar
- b) Bs. um Félags- og skólaþjónustu frá 20. október 2009
Lögð fram til kynningar
- c) Bs. um menningu og atvinnumál frá 12. október 2009
Lögð fram til kynningar
- d) Stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga frá 24. september 2009
Lögð fram til kynningar
- e) Menningarráðs NV frá 7. október 2009
Lögð fram til kynningar
- f) Stjórnar Byggðasafnsins á Reykjatanga frá 7. október 2009
Lögð fram til kynningar
- g) Stjórnar Norðurár bs. frá 6. september 2009
Lögð fram til kynningar

h) Skólanefndar Fjölbrautarskólans NV frá 13. október 2009
Lögð fram til kynningar

2. Akstursþjónusta fatlaðra

Lögð fram samantekt fjármálastjóra á akstursþjónustu fatlaðra í A-Hún.

Bæjarstjóra falið að koma með drög að reglum fyrir næsta fund bæjarráðs.

3. Hluthafafundur Ámundakinnar ehf.

Hluthafafundur Ámundakinnar ehf. verður haldinn á Hótel Blönduósi þriðjudaginn 27. október 2009. Fundurinn hefst kl. 16:30.

Formaður bæjarráðs mætir á fundinn.

4. Erindi frá Snorraverkefninu dags. 16. október sl.

Óskað er eftir stuðningi og styrk við Snorraverkefnið sumarið 2010.

Bæjarráð hafnar erindinu.

5. Erindi frá Markaðsskrifstofu ferðamála á Norðurlandi frá 8. október 2009

Samstarfssamningur á milli Markaðsskrifstofu Ferðamála á Norðurlandi og Blönduósbæjar rennur út um næstu áramót. Óskað er eftir endurnýjun á samstarfssamningnum til næstu 3 ára.

Bæjarráð samþykkir erindið og felur bæjarstjóra að ganga frá samningi.

6. Samstarf í fræðslumálum – áfangaskýrsla

Lögð fram áfangaskýrsla vinnuhóps um samstarf í fræðslumálum á milli sveitarfélaganna Blönduós og Húnavatnshrepps.

Helstu niðurstöður skýrslunnar eru þær að lítil hagræðing felst í samstarfi í fræðslumálum nema með sameiningu sveitarfélaganna. Tekin var ákvörðun að leikskólastjóri Barnabæjar á Blönduósi tæki að sér 30% tímabundið starf á leikskólanum á Húnavöllum.

Umræður urðu um skýrsluna.

Lögð fram til kynningar.

7. Bréf frá Eignarhaldsfélagi Brunabótafélags Íslands frá 12. október 2009

Á aukafundi fulltrúaráðs EBÍ þann 20. mars sl. var samþykkt stefnumörkun um útgreiðslu ágóðahluta til aðildarsveitarfélaga EBÍ fyrir árin 2009 og 2010. Samþykkti fulltrúarráðsfundurinn að ágóðahlutagreiðslan til aðildarsveitarfélaganna fyrir árið 2009 skuli vera kr. 300 milljónir og 250 milljónir fyrir árið 2010.

Lagt fram til kynningar.

8. Erindi frá Héraðsbókasafni A-Hún frá 10. september 2009

Stjórn Héraðsbókasafnsins óskar eftir að kaupa strikamerkjaprentara fyrir bókasafn.

Bæjarráð samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

9. Aðalfundur stjórnar Smábátafélagsins Skalla

Aðalfundur Smábátafélagsins Skalla var haldinn á Sauðárkróki 16. september sl. og á fundinum voru samþykktar ályktanir til að treysta útgerð á félagssvæði Skalla sem er frá Hrútafirði til Siglufjarðar.

10. Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 28. september 2009

Skólaþing sveitarfélaga verður haldið 2. nóvember n.k.

Lagt fram til kynningar.

11. Styrkumsókn frá Nesi listamiðstöð frá 30. september 2009

Sótt er um styrk frá Blönduósbæ til áframhaldandi reksturs og uppbyggingar Ness listamiðstöðvar.

Bæjarráð samþykkir að vísa erindinu til fjárhagsáætlunargerðar 2010.

12. Aukaaðalfundur í Vilgó ehf.

Aukaaðalfundur Vilgó ehf. verður haldinn þann 16. nóvember n.k. kl. 15:00. Fundurinn verður haldinn í Sjálfstæðishúsinu á Blönduósi.

Bæjarráð sækir fundinn.

13. Tilnefning í starfshóp um samstarf í félags- og skólaþjónustu á NV

Erindi frá stjórn SSNV þar sem óskað er eftir að sveitarfélögin í Austur-Húnavatnssýslu tilnefni tvo fulltrúa í starfshóp sem kanna á möguleika á frekara samstarfi og samþættingu félags- og skólaþjónustu á Norðurlandi vestra.

Bæjarráð tilnefnir Magnús B. Jónsson og Ólöfu Birnu Björnsdóttur. Til vara Héðinn Sigurðsson og Björn Magnússon.

14. Atvinnumál

Bæjarstjóri gerði grein fyrir stöðu atvinnumála á Blönduósi.

Bæjarráð vill bóka eftirfarandi:

Bæjarráð Blönduósbæjar mótmælir harðlega þeim niðurskurði sem birtist í frumvarpi til fjárlaga 2010 og beinist að Heilbrigðisstofnuninni á Blönduósi. Það er með öllu óásættanlegt að Heilbrigðisstofnunin skuli þurfa að taka á sig meiri skerðingu og byrðar en aðrar heilbrigðisstofnanir. Bæjarráð krefst þess að stjórnvöld gæti jafnræðis og sanngirnis þegar kemur að því að hagræða í rekstri hjá hinu opinbera út á landsbyggðinni.

15. Önnur mál

a) Úthlutunarreglur byggingarlóða á Blönduósi

Umræður urðu um reglurnar. Bæjarstjóra falið að gera breytingar á reglunum að teknu tilliti til athugasemda bæjarráðsfulltrúa. Bæjarstjóra falið að koma með drög að nýjum reglum á næsta bæjarráðsfund.

b) Framkvæmdir við áhaldahús

Umræður urðu um framkvæmdirnar.

Bæjarráð samþykkir fyrirliggjandi kostnaðaráætlun með tveimur atkvæðum og einn situr hjá.

c) Byggðakvóti

*Bæjarstjóri hefur sent umsókn um byggðakvóta til Sjávarútvegs-og
landbúnaðarráðuneytisins.*

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið 19:10

*Kári Kárason(sign.)
Valdimar Guðmannsson (sign.)
Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson(sign.)*

Arnar Þór Sævarsson(sign.)